



Skrifstofa Dalabyggðar
Skipulagsfulltrúi
Miðbraut 11,
Búðardal

Stykkishólmi 26. ágúst 2022

Efni: Umsögn varðandi auglýsingu aðalskipulags Dalabyggðar 2020-2032

Breiðafjarðarnefnd fékk senda til umsagnar auglýsingu aðalskipulags Dalabyggðar 2020-2032. Breiðafjarðarnefnd hefur farið yfir gögnin sem fylgja auglýsingu og telur eftirfarandi atriði þurfi lagfæringu til að gefa fram rétta mynd af verndarsvæði Breiðafjarðar.

- Á blaðsíðu 26 í kafla um lífríki kemur fram að „tvær fuglategundir á válista, haförn og þórshani, [séu] óvenju algengar á Breiðafirði“. Samkvæmt gögnum Náttúrufræðistofnunar Íslands eru ellefu fleiri fuglategundir á mismunandi válistum á verndarsvæði Breiðafjarðar. Þær tegundir sem njóta alþjóðlegrar verndar eru fýll, dílaskarfur, toppskarfur, æðarfugl, svartbakur, rita, kría, teista, lundi og hvítmáfur.
- Á blaðsíðu 26 er einnig fjallað um selveiðar. Selveiðar eru nefndar sem hlunnindi sem fylgja jörðum við Breiðafjörð. Samkvæmt reglugerð 1100/2019 eru selaveiðar óheimilar á íslensku forráðasvæði nema að fengnu sérstöku leyfi frá Fiskistofu.

Mögulega þurfa fleiri atriði betri skýringar í aðalskipulagstillögunni með tillit til verndarsvæðis Breiðafjarðar. Nefndin vekur athygli á ofangreindum atriðum en útilokar ekki að eitthvað hafi farið fram hjá henni.

Breiðafjarðarnefnd leggur áherslu á að birting verndarsvæðis í aðalskipulagstillögunni verði í samræmi við lög og reglugerðir sem gilda um verndarsvæðið enda er verndarsvæðið mikilvægur hluti af skipulagi sveitarfélagsins.

Virðingarfyllt,

Fh. Breiðafjarðarnefndar

Erla Friðriksdóttir,

formaður Breiðafjarðarnefndar